



Parkinsonsamtökin
á Íslandi

PSÍ

1. TBL. • 10. ÁRG. • JANÚAR 2014

2014

Við óskum félögum okkar og fjölskyldum þeirra gleðilegs árs og þökkum fyrir góðar samverustundir á árinu sem er að líða. Megi nýja árið færa ykkur gleði og gæfu.

Laugardagsfundurinn 11. janúar

Næsti laugardagsfundur verður þann 11. janúar 2014 kl. 11.00. Gestur fundarins verður Andri Þór Sigurgeirsson sjúkraþjálfari á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar. Hann mun fjalla um Parkinsonráðstefnu sem haldin var í Montreal á síðasta ári. Fundurinn verður í kaffistofu á 1. hæð í Hátúni 10b.

Við hvetjum alla til að mæta hvort heldur þeir eru parkinsongreindir, aðstandendur eða vinir.



Jafningjastuðningsfundur 15. janúar

Jafningjastuðningsfundur munu hefjast miðvikudaginn 15. janúar kl. 17.00 og verða hálfsmánaðarlega. Fundirnir verða haldnir í Hátúni 10, í kaffistofunni á 1. hæð. Allir hjartanlega velkomnir!

Á dagskrá

11. janúar - Laugardagsfundur í Hátúni 10, kl. 11.00

15. janúar - Jafningjastuðningsfundur í Hátúni 10, kl. 17.00

Heimildarmyndin „Gengur hún í brúnu? Parkinsonsjúkdómurinn á Íslandi“ verður sýnd á RÚV 28. janúar

Heimildarmyndin „Gengur hún í brúnu? Parkinsonsjúkdómurinn á Íslandi“ verður sýnd á RÚV þriðjudaginn 28. janúar n.k. kl. 20.10. Parkinsonsamtökin létu gera myndina í tilefni af 30 ára afmæli samtakanna. Myndin er mjög vel heppnuð í alla staði. Við hvetjum ykkur öll til að vera rétt stillt þegar myndin verður sýnd á RÚV.



Nýr starfsmaður samtakanna

Erna Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í 50% starf hjá Parkinsonsamtökunum frá áramótum. Erna er viðskiptafræðingur og grafískur hönnuður. Við bjóðum hana velkomna til starfa.

28. janúar - Heimildarmyndin „Gengur hún í brúnu? Parkinsonsjúkdómurinn á Íslandi“ sem var gerð í tilefni af 30 ára afmæli PSÍ verður sýnd á RÚV kl. 20.10

1. febrúar - Laugardagsfundur í Hátúni 10, kl. 11.00

Afmælishátíð Parkinsonsamtakanna

Afmælishátíð Parkinsonsamtakanna var haldin þann 3. desember sl. en þá voru liðin 30 ár frá stofnun þeirra. Á annað hundrað manns skemmtu sér konunglega á Grand hóteli og nutu frábærra veitinga þar eins og við mátti búast. Tríóið „Friends 4 ever“ tók á móti gestum með ljúfum tónum. Hrafnhildur Björk Sigurðardóttir formaður samtakanna flutti ávarp en síðan tók Anna Rósa Bjarnadóttir við veislustjórn. Séra Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur á Akranesi flutti jólahugvekju og síðan gamanmál eins og honum einum er lagið. Prímadonnur sungu nokkur ABBA-lög og að lokum var stiginn línudans undir stjórn Páls Sigurðssonar og Sigrúnar Bjarnadóttur.

Hátíðin tókst í alla staði vel og er afmælisnefndinni hér með færðar bestu þakkir fyrir. Nefndina skipuðu þau Anna Rósa Bjarnadóttir, Tryggvi Sigurbjarnarson og Hrönn Ágústsdóttir ásamt Ingibjörgu Pétursdóttur og Ólínu Sveinsdóttur.

Laugardagsfundurinn 1. febrúar 2014

Laugardagsfundur febrúarmánaðar verður haldinn 1. febrúar 2014 kl. 11.00. Þá munu íþróttafræðingarnir Steinunn Leifsdóttir og Ásdís Halldórsdóttir kynna nýjan mynddisk með leikfimisæfingum fyrir fólk á besta aldri. Á disknum er að finna góðar og vel útfærðar æfingar við allra hæfi. Myndiskurinn inniheldur átta mismunandi leikfimistíma ásamt fræðsluefni um göngubjálfun. Það má því búast við hressandi laugardagsfundi hjá okkur í febrúar. Fundurinn verður haldinn í kaffistofunni á 1. hæð í Hátúni 10.



Þakkir til Steingríms

Steingrímur Lilliendahl hefur í mörg ár séð um umbrot á Pésanum en hann hefur nú óskað eftir að hætta. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir alla þá vinnu sem hann hefur lagt af mörkum.

Látins féлага minnst

Margrét S. Gunnarsdóttir fæddist í Reykjavík 20. september 1950. Hún lést á Hrafnistu í Boðþingi þann 7. desember 2013. Útför Margrétar var gerð frá Árbæjarkirkju 16. desember 2013. Margrét vann mikið og óeigingjarnt starf í þágu Parkinsonsamtakanna um árabíl og sat einnig í stjórn. Við sendum aðstandendum Margrétar samúðarkveðjur og minnumst hennar með þakklæti í huga fyrir störf hennar í þágu samtakanna.

Höfðingleg afmælisgjöf

Í tilefni afmælisins færðu hjónin Ármann Jóhannsson og Þórunn Daníelsdóttir samtökunum veglega peningagjöf, 1 milljón króna, sem þau afhentu formanni samtakanna á afmælishátíðinni. Parkinsonsamtökin færa þeim innilegar þakkir fyrir gjöfina og þann velvilja sem þau sýna samtökunum með þessum hætti. Gjöfin kemur svo sannarlega að góðum notum og mun verða lögð áhersla á að nýta hana í þágu allra félagsmanna.



Ármann Jóhannsson og Þórunn Daníelsdóttir

Hrönn kvödd á afmælishátíðinni

Á afmælishátíðinni var Hrönn Ágústsdóttir starfsmaður Parkinsonsamtakanna til 6 ára kvödd og henni þakkað fyrir vel unnin störf. Eiginmaður Hrannar, Sigurbjörn Fanndal, hefur einnig lagt sitt af mörkum í þágu samtakanna og voru honum færðar bestu þakkir fyrir en Hrönn lét af störfum um áramótin.



Hrönn Ágústsdóttir og Sigurbjörn Fanndal

Þéssinn - Fréttabréf

Útgefandi: Parkinsonsamtökin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Hrafnhildur B. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Stefán Valur Pálsson
www.parkinson.is - parkinson@parkinson.is